



289. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 13. desember 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 491, dags. 06.12.2012.

Fundagerð framlögð.

Liður 2 fundagerð skipulags-og byggingarnefndar, dags. 12.11.2012 (155.fundur).

Fundagerð framlögð.

Liður 1 Silfurgata 3, endurnýjun og viðbygging.

Bjargey ehf. /Gunnar Einarsson sækir um að endurnýja og breyta gluggum og byggja 6 m² viðbyggingu við húsið, sbr. teikningar frá Jóni Eiríki Guðmundssyni dags 25.10. 2012.

Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir eigendum Silfurgötu nr. 1.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Austurgata 7, breytingar á útliti og innra skipulagi.

Aðalsteinn Snorrason sækir um f.h. Ríkissjóð Íslands /Velferðarráðuneytið um breytingar á útliti og innra skipulagi HVE í Stykkishólmi. Tillögurnar felast í að breyta hluta hússins í hjúkrunarheimili ásamt tillögum að endurbótum og breytingum á innra skipulagi vegna endurskoðunar á starfsemi sjúkrahússins í heild sinni. Þak er hækkað og endurbyggt á eldri hluta hússins og gluggar á fjórðu hæð



stækkaðir til samræmis við glugga á neðri hæðum, sbr. erindi og teikningar frá Arkís/ Aðalsteini Snorrasyni dags. 12.11.2012. Nefndin tekur jákvætt í erindið að uppfylltum skilyrðum.

Breytingar samþykktar að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GDP

Liður 4 Borgarbraut 4, tillaga að frágangi á skólalóð.

Lögð fram að nýju tillaga að frágangi á lóð grunnskólans, frá Landhönnun dags. 1.11.2012.

Tillagan þarfnast verulegrar endurskoðunar m.a. m.t.t. aðkomu að skóla, snjómoksturs og kostnaðarsamrar umhirðu.

Fram voru lagðar tillögur nr. 3 og 4 Bæjarráð mælir með að unnið verði áfram með tillögu 3. Byggingafulltrúa falið að leita álits á tillögunni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP, LÁH og GS

Liður 5 Reitur B við Frúarstig, fyrirspurn.

Sævar Harðarson/Skipavík ehf, óskar eftir möguleika á að staðsetja bílskúr á lóðinni og að á neðri hæð hússins verði leyfð atvinnustarfsemi, sbr. tölvupóst dags. 12.11.2012.

Erindi vísað til umsagnar hjá skipulagshöfundi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 6 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 03.12.2012 (156.fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Arnarborg 5, smáhýsi á lóð.

Bæring Bjarnar Jónsson sækir um f.h. HF fasteignir ehf, að reisa smáhýsi á lóðinni við Arnarborg nr. 5, sbr. teikningar frá Glámu Kím, dags. 30.11.2012.

Erindi samþykkt, í samræmi við deiliskipulag.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 2 Frúarstígur deiliskipulagsbreyting. Reitur B við Frúarstíg, fyrirspurn.

Sævar Harðarson/Skipavík ehf, óskar eftir möguleika á að staðsetja a) bílskúr á lóðinni og b) að á neðri hæð hússins verði leyfð atvinnustarfsemi, sbr. tölvupóst dags. 12.11.2012. Lagður fram tölvupóstur frá Bæring Bjarnar Jónssyni skipulagshöfundu dags. 26.11.2012.

Nefndin leggur til að heimila atvinnustarfsemi en tekur neikvætt í bílskúr á lóðinni.

Afgreiðslu frestað.

Liður 3 Frúarstígur reitur b á deiliskipulagi, nýbygging.

Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Skipavík að reisa hús á lóð merkt B við Frúarstíg, með atvinnustarfsemi á jarðhæð og íbúð á efri hæðum, sbr. teikningu frá Skipavík ehf/Sigurjóni Jónssyni dags. 29.11.2012. Nefndin samþykkir að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum Skólastíg nr. 1. Breytingin felst í að heimila atvinnustarfsemi á jarðhæð og að gólfkóti hússins verði lækkaður úr 9,10 m í 8,70 m svo að mænishæð verði í samræmi við deiliskipulag.

Afgreiðslu frestað á bæjarráðsfundi.

Samþykkt að heimila safnastarfsemi á jarðhæð og að gólfkóti verði lækkaður úr 9,10 m í 8,70 m svo að mænishæð verði í samræmi við deiliskipulag. Fyrir liggur samþykki eigenda að Skólastíg 1 sem grenndarkynnt var fyrir. Óveruleg breyting á deiliskipulagi samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 4 Arnarborg 11, frístundahús.

Sævar Harðarson sækir um f.h. Skipavík ehf að reisa frístundahús sbr. teikningar frá Skipavík ehf/ Sigurjóni Jónssyni dags. 3.12.2012. Erindi samþykkt, í samræmi við deiliskipulag.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Liður 5 Arnarborg 20, frístundahús.

Sævar Harðarson sækir um f.h. Skipavík ehf að reisa frístundahús sbr. teikningar frá Skipavík ehf/Sigurjóni Jónssyni dags. 3.12.2012. Erindi samþykkt, í samræmi við deiliskipulag.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Liður 6 Arnarborg 21, frístundahús.



Sævar Harðarson sækir um f.h. Skipavík ehf að reisa frístundahús sbr. teikningar frá Skipavík/Sigurjóni Jónssyni dags. 3.12.2012.
Erindi samþykkt, í samræmi við deiliskipulag.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Liður 7 Hafnargata 4, gistiskáli og veitingasala.

G. Oddur Víðisson f.h. Hamraenda ehf, óskar eftir leyfi til að breyta húsinu í gistiskála og veitingasölu, sbr. teikningar frá DAP arkitektum/ G.Oddi Víðissyni dags. 29.11.2012. Umsögn Húsafriðunarnefndar Ríkisins liggur fyrir dags. 29.11.2012.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 8 Aðalgata 10, Arion banki, útlitsbreytingar.

Sævar Harðarson sækir um að fjarlægja skorstein og klæða hluta hússins að Aðalgötu 10 með hvítu sléttu áli sbr. teikningu frá Steinari Sigurðssyni arkitekt FAÍ, dags. 10.11.2012.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 10 Nesvegur 11 a, stöðuleyfi.

Birgir Jónsson sækir um að staðsetja flöskugám á lóð við Nesveg 11 a, sbr. bréf dags. 12.07.2012. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar.

Erindi synjað þar sem óheimilt er að staðsetja gám í bæjarlandi nema á sérstöku geymslusvæði fyrir gáma við Heljarmýri.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: LÁH, GS og GDP

Liður 30 bréf Landsbyggðin lifir, dags.02.11.2012 varðandi umsókn um styrk vegna starfsemi.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 31 bréf NKG-verkefnalausnir, dags.13.11.2012 varðandi ósk um framlag í formi hvatningar eða styrks.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 32 bréf slökkviliðsins í Stykkishólmi varðandi endurnýjun á slökkvibíl.

Bæjarráð samþykkir að kaupa slökkvibifreið að fjárhæð allt að 14 milljónir króna.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP,GS,BA og LÁH

Liður 33 bréf Snorrasjóðs, dags. 07.11.2012 varðandi stuðning við Snorraverkefnið sumarið 2013.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 34 bréf Stígamóta varðandi fjárbeiðni fyrir árið 2013.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 35 bréf Umhverfis-og auðlindaráðuneytis, dags.16.11.2012 varðandi samning UAR og Stykkishólmsbæjar um Náttúrustofu Vesturlands.

Samningur framlagður og samþykktur frá 1.1. 2013. Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 36 bréf Örvars Marteinsonar, dags.28.11.2012 varðandi ósk um stuðning við jólaopnun Norska hússins.

Samþykkt að styrkja Norska húsið vegna jólaopnunar 2012 um 100 kr. á íbúa.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: GDP og GS

Liður 37 fyrirspurn Gretars D. Pálssonar dags. 16.11.2012 varðandi Dvalarheimilið í Stykkishólmi og flutning þess í húsnaði Austurgötu 7.

Svör Gyðu bæjarstjóra lögð fram við fyrirspurnum Gretars.

Bókun við lið 37. í fundargerð bæjarráðs nr. 491 frá 6.desember 2012



Undirrituð fagna því að á fjárlögum Alþingis að lokinni annari umræðu er gert ráð fyrir 70milljónum króna í endurbætur á St. Fransickussjúkrahúsinu í Stykkishólmi. Það ætti að duga langt til að full hanna og deiliteikna fyrirhugaðar breytingar á húsnæðinu. En áætla má að heildarkostnaður við breytingar verði um 1 milljarður króna. Við ítrekum fyrri kröfur okkar um að Stykkishólmsbær setji í gang undirbúningsvinnu sem bæjarstjórn samþykkti samhljóða þann 19. janúar 2012 með samþykkt neðangreindrar tillögu:

„Undirrituð leggja til að skipuð verði 3ja manna nefnd Stykkishólmsbæjar til viðræðna og samninga við HVE og ríkisvaldið vegna mögulegs samstarfs og flutnings á starfsemi Dvalarheimilis aldraðra til HVE (St. Fransickussjúkrahúsins) í Stykkishólmi.“

Aðeins einn fundur hefur verið haldinn í nefndinni.

Af svörum við spurningum Gretars D. Pálssonar undir þessum lið er ljóst að mikil óvissa ríkir um málið og lítið sem ekkert er reynt af hálfu Stykkishólmsbæjar að ráða í þá óvissu. Brýnt er að hefja þessa vinnu sem fyrst og ekki seinna vænna.

Gretar D. Pálsson
Guðlaug Ágústsdóttir
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Til máls tóku: GDP,GS og LÁH

Liður 38 tölvupóstur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins dags. 4.12.2012 varðandi ósk um tilnefningar í skólanefnd FSN.
Bæjarstjóra falið að vinna að málinu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: GS

Liður 39 tölvupóstur Félags- og skólajónustu Snæfellsness dags. 12.11.2012, trúnaðarmál.
Trúnaðarmál. Bæjaráð samþykkir afgreiðslu bæjarstjóra.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 40 drög að samþykktum um nýrækt og frístundabúskap í Stykkishólmi.

Samþykkt að vísa drögunum til umsagnar í skipulags- og bygginganefnd, umhverfisnefnd og landbúnaðarnefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 46 lántaka fyrir árið 2013.

Bæjarráð samþykkir að sótt verði um 80 milljónir kr. lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna framkvæmda og endurfjármögnunar ársins 2013.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 47 umsókn um skammtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar veitir Gyðu Steinsdóttur, kt. 040570-5199, bæjarstjóra hér með heimild til að sækja um skammtímalántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 40.000.000 kr. Heimildin gildir til 31. desember 2013.

Liður 48 tölvubréf frá Hvítasunnukirkjunni í Stykkishólmi varðandi styrkumsókn vegna fasteignagjalda.

Afgreiðslu frestað.

Samþykkt að veita Hvítasunnukirkjunni í Stykkishólmi styrk að upphæð kr. 85.000

Til máls tóku: GS, GDP og DS

Liður 49 þrettándabrenna.

Samþykkt að haldin verði þrettándabrenna þ.e. 6. janúar 2013 og staðsetningin verði á malarbílastæði við tjaldstæðið. Gert í samráði slökkviliðsstjóra.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Stykkishólmsbær mun ekki standa að áramótabrennu.

Til máls tóku: DS, GS og LÁH

Liður 50 erindi frá Alfrið Má Hjaltalín varðandi styrkbeiðni vegna ferðar með U19 ára landsliðinu.

Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 20.000

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 51 umræða vegna fyrirhugaðar heilsuviku í janúarmánuði n.k.

Bæjarstjórn fagnar framtaki Steinunnar Helgadóttur og Aþenu Eydísar Kolbeinsdóttur. Samþykkt að Stykkishólmsbær taki þátt í heilsuvikunni. Samþykkt að ókeypis verði í sund meðan á heilsuvikunni stendur.

Til máls: allir

Liður 52 fyrirspurn frá Guðlaugu varðandi áskorun til atvinnu- og nýsköpunarráðherra varðandi aukningu á síldarkvóta.

Forseti bæjarstjórnar hefur verið að vinna málinu. Niðurstöður munu liggja fyrir innan skamms.

Bókun: Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar fagnar ákvörðun Steingríms J. Sigfússonar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um að auka síldarkvóta til netaveiða á Breiðafirði um 300 tonn. Ákvörðunin hefur mjög jákvæð áhrif á útgerðar – og atvinnumál í Stykkishólmi.



Til máls tók: LÁH

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. **Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags.05.11.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.2. **Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar, dags. 12.11.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
- 2.3. **Fundargerð skólanefndar, dags. 31.10.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4. **Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis Stykkishólms, dags. 07.11.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.5. **Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 27.11.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.6. **Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 03.12.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
- 2.7. **Fundargerð skólanefndar Stykkishólmsbæjar dags. 22.11.2012.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. Reglur og samþykktir.

3.1. Gámasvæði, tillaga að breyttum reglum og gjaldskrá.

Tillaga Gretars.

Tillaga felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Tillaga Davíðs og Egils samþykkt með áorðnum breytingum. Með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Til máls tóku: GDP, LÁH og DS

3.2. Samþykkt um fráveitu og rotþrær í Stykkishólmi drög 2012.

Samþykktir um fráveitu og rotþrær hjá Stykkishólmsbæ samþykkt.

4. Annað

4.1. Fjárhagsáætlun 2013 og þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2014-2016 – seinni umræða.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2013 og þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2014-2016 samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2013 og þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2014-2016 var eins og áætlanir fyrri ára unnin í góðu samstarfi meirihluta og minnihluta bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar. Gott samráð var haft við forstöðumenn stofnana og voru tillögur þeirra hafðar til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar.



Með nýjum sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1.1.2012 er búið að setja sveitarfélögum viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu. Má þar helst nefna jákvæða rekstrarniðurstöðu á þriggja ára tímabili og að heildar skuldir og skuldbindingar A og B hluta sveitarsjóðs verði ekki hærri en 150% af reglulegum tekjum. Stykkishólmsbær þarf eins og önnur sveitarfélög að taka tillit til þessa í áætlunum sínum fyrir árið 2013. Gert er ráð fyrir að skuldaprósenta sveitarfélagsins verði um 149,3% í árslok 2012 og lækki niður í 145,6% á árinu 2013. Samkvæmt áætlun 2013 og þriggja ára áætlun 2014-2016 mun Stykkishólmsbær halda jákvæðri rekstrarniðurstöðu á þriggja ára tímabili.

Nauðsynlegt er að fylgjast gaumgæfilega með framvindu kostnaðar í samanburði við áætlun til að bregðast við hið fyrsta ef merki sýna aðra þróun í kostnaði en upphaflega var lagt upp með. Eins er mjög mikilvægt að menn standi saman og vinni sameiginlega að því að verja þjónustu við íbúana í bænum.

Á árinu 2012 hefur aðhalds verið gætt í rekstri Stykkishólmsbæjar. Bæjarstjórn þakkar forstöðumönnum stofnana og skólaljórnendum fyrir þeirra hlutdeild við að gæta aðhalds í rekstri og þar með gera það mögulegt að halda áfram óbreyttu þjónustustigi við íbúa Stykkishólms.

Til að standa undir kostnaði við rekstur sveitarfélagsins hefur m.a. þurft að styrkja tekjustofna þess með hækkun á gjaldskrám að einhverju leyti. Gjaldskrár hækka að jafnaði um 5%. Álagningarprósentur fasteignagjalda breytast ekki frá fyrra ári, nema sorphirðugjald hækkar um 6%. Að lokum ákvað bæjarstjórn að útsvarshlutfall árið 2013 verði óbreytt, þ.e. 14,48%.

Helstu framkvæmdir og fjárfestingar eru: Endurnýjun á slökkvibíl, dvalar- og hjúkrunarrými, grunnskólalóð, Súgandisey lagfæring stíga og áningarstaða, stígagerð, aukid hlutafé Jeratúns og þátttaka í Svæðisgarði Snæfellsness.

Bæjarstjórn þakkar bæjarstjóra og bæjarritara fyrir góða vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2013 eru þessar:

A-hluti:

Skatttekjur bæjarsjóðs eru áætlaðar 703,6 m.kr., aðrar tekjur 153,8 m.kr. Tekjur samtals eru því 857,4 m.kr. Rekstur málaflokka er áætlaður um 785,8 m.kr. Fjármagnsliðir eru 57,6 m.kr. Mismunur tekna og gjalda A-sjóðs sveitarfélagsins er því afgangur um 14,0 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 93,0 m.kr., afborganir langtímalána 108,5 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 56,2 m.kr.

A og B hluti:

Tekjur eru áætlaðar 923,8 m.kr. en rekstrargjöld 818,6 m.kr. Fjármagnsliðir eru 85,8 m.kr. Tekjur umfram gjöld verða því um 19,4 m.kr. Handbært fé frá rekstri eru 125,4 m.kr., fjárfestingar 55,0 m.kr., afborganir langtímalána 134,8 m.kr., lántaka verður 80,0 m.kr. og handbært fé í árslok er áætlað 56,2 m.kr.

Til máls tóku: ÍHS,DS,GS,GDP og LÁH

4.2. Tillaga að gjaldskrá 2013 – seinni umræða.

Gjaldskrár fyrir árið 2013 samþykktar með áorðnum breytingum. Gjaldskrá byggingafulltrúa frestað.



Til máls tóku: allir

4.3. Tillaga Lárusar Á. Hannessonar varðandi nýtingu ákveðinna svæða innan bæjarmarka til beitar fyrir sauðfé.

Tillaga:

Legg til að kannað verði með áhuga og hugarfar bæjarbúa og fjáreigenda með að nýta ákveðin svæði innan bæjarmarkanna til beitar fyrir sauðfé.

Greinargerð: Ákveðin svæði innan bæjarmarkanna eru ekki hirt og nýttast ekkert og eru jafnvel til vansa. Beitarhólfir yrðu á ábyrgð notenda sem og kostnaður við þau. Aukinn áhugi meðal bæjarbúa á að halda sauðfé og njóta þeirrar lífsfyllingar sem það veitir kallar á að skoða aukna möguleika á að fjölga beitarhólfum. Verkefnið verður að kynna vel og vinna í góðri sátt við íbúa bæjarins og ekki síst þá sem næst mögulegum beitarhólfum búa.

Lárus Ástmar Hannesson

Tillaga samþykkt samhljóða. Samþykkt að vísa tillögu til skipulags-og byggingarnefndar, umhverfisnefndar og landbúnaðarnefndar.

Til máls tóku: LÁH,DS og GDP

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:47

Þór Örn Jónsson